



Reykjavík 11. des. 2020

Vegagerðin  
Borgartúni 5-7  
105 Reykjavík

b.t. Sveins Sveinssonar, svæðisstjóra á Austurlandi og  
Bergþóru Þorkelsdóttur, forstjóra Vegagerðarinnar.

Efni: Umferðaröryggi hestamanna í Reyðarfirði

Landssamband hestamanna tekur undir áhyggjur hestamanna á Reyðarfirði af slyshættu af skörun bílaumferðar og umferðar hestamanna við þverun þjóðveggar við Kollur.

Umferðarpungi og umferðarhraði er mikill á þessum vegi og skv. tölum Vegagerðarinnar frá 2018 fer 1,4 bíll um veginn á mínútu þegar mest lætur á sumrin. Svo þétt umferð á vegi sem leyfir 90 km. hraða á klst. skapar gríðarlega slyshættu fyrir hestamenn sem hafa enga aðra leið til og frá sínum hesthúsum.

Landssamband Hestamanna skorar á Vegagerðina að verða við beiðni hestamanna á Reyðarfirði að gerð verði undirgöng undir Norðfjarðarveg fyrir ríðandi umferð áður en alvarlegt slys hlýst af.

F.h. Landssambands hestamannafélaga

Berglind Karlsdóttir, framkvæmdastjóri